

## REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

### 1. gr.

#### Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir, til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

Fyrir opinn bát .....	kr.	250.00
— — — með vél .....	—	400.00
— þilfarsskip minna en 15 rúml. ....	—	750.00
— — 15 rúml. allt að 30 rúml. ....	—	900.00
— — 30 — — — 50 — .....	—	1 220.00
— — 50 — — — 100 — .....	—	1 440.00
— — 100 — — — 200 — .....	—	2 100.00
— — 200 — — — 300 — .....	—	2 400.00
— — 300 — — — 400 — og stærri .....	—	3 000.00

Þegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti, fyrir vélskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  og fyrir bolskoðun greiðist  $\frac{1}{3}$  hluti.

Hálf rúmllest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

Fyrir skoðun skipa, sem eru í flokki hjá viðurkenndu flokkunarfélagi og eru stærri en 400 rúml., skulu skipaskoðunarmönnum greiddar kr. 1 380.00, enda sé þá aðeins um búnaðarskoðun að ræða, en sé skipið óflokkað, ákveður siglingamálastjóri greiðsluna hverju sinni.

### 2. gr.

#### Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

### 3. gr.

#### Hleðslumerkjaskoðun.

Fyrir hleðslumerkjaskoðun og áritun hleðslumerkjaskírteinis greiðist kr. 500.00.

### 4. gr.

#### Reikningar.

Skipaskoðunarmenn skrifi reikninga fyrir störf sín í fjórriti, í þar til gerðar bækur, sem siglingamálastjóri lætur þeim í té.

Laun samkvæmt 1. gr., skulu sýslumenn eða bæjarfógetar greiða gegn frumriti og einu afriti, en siglingamálastjóra sent annað afrit ásamt skoðunarskýrslu.

Laun samkvæmt 2. og 3. gr., greiðir Siglingamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

Reglugerð þessi, um laun fyrir skoðun á skipum, sem framkvæmd er af hinum lögskipuðu skoðunarmönnum, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, er hér með

sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 51, 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 132, 21. maí 1964, um laun skipaskoðunarmanna ríkisins.

*Samgönguráðuneytið, 10. nóvember 1970.*

**Ingólfur Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

18. nóvember 1970.

Nr. 250.

## G J A L D S K R Á

fyrir Keflavíkurflugvöll.

### 1. Lendingargjöld.

1.1. Lendingargjald skal miða við leyðan hámarksþunga flugvélarinnar (Aircraft Gross Weight) og reiknast brot úr tonni sem heilt tonn.

1.2. Í millilandaflugi skal fyrir hverja landingu greiða landingargjald sem hér segir:

kr. 307.70 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega allt að 14 tonnum.

— 254.90 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 15 til 29 tonn.

— 224.10 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 30 til 49 tonn.

— 211.00 á hvert tonn flugvélarinnar fyrir flugvélar, sem vega 50 tonn og þar yfir.

### 2. Stæðisgjöld.

2.1. Stæðisgjald er ekkert fyrir fyrstu 6 klst. en fyrir næstu 24 klst. eða brot þar af, skulu greidd stæðisgjöld sem hér segir:

2.2. Millilandaflug:

Leiga á sólarhring	Vænghaf flugvélar
kr. 94.37	Undir 12 m.
— 189.98	12—18 m.
— 283.90	18—24 m.
— 377.50	24—30 m.
— 425.43	Yfir 30 m.

### 3. Önnur ákvæði.

3.1. Heimilt er að fella niður gjöld sem hér segir:

3.1.1. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum íslenska ríkisins og flugvélum, sem það tekur á leigu.

3.1.2. Lendingar- og stæðisgjöld af flugvélum, sem eingöngu flytja erlenda þjóðhöfðingja eða aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fylgdarlið þeirra.

3.1.3. Lendingargjöld af flugvélum í reynsluflugi að aflokinni viðgerð, enda sé viðkomandi flugvél í áætlunarflugi.